

 **Fjármálavit**

Að setja sér markmið.  
Fjármálafræðsla fyrir nemendur í 10. bekk.

**Fjármálavit** er námsefni um grunnþætti fjármála á vegum Samtaka fjármálafyrirtækja, þróað í samvinnu við kennara og kennaranema. Námsefnið er ætlað kennurum og öðrum þeim sem fræða nemendur um grunnþætti fjármála og nefnast hér eftir leiðbeinendur.

Á næstu blaðsíðum er handrit að kennsluferli verkefnis um mikilvægi þess að setja sér markmið og spara. Uppistaða verkefnisins er hópavinna þar sem gerð er fjárhagsáætlun fyrir ímyndaðan einstakling.

Handritið leiðir leiðbeinandann skref fyrir skref í gegnum kennsluna.

## Markmið

Að fá nemendur til að hugsa um eigin fjármál, setja sér markmið til skemmri eða lengri tíma og gera áætlun til að ná þeim.

## Lýsing

Lengd kennslunnar er um 80 mínútur. Ráðlagt er að nýta tvær samliggjandi kennslustundir því betra er að hafa meiri tíma en minni og gefa nemendum þann tíma sem þeir þurfa.

\*Einnig er hægt er að láta nemendur vinna verkefnin heima og nota kennslustund í kynningar og umræður.

Kennsluferlið skiptist í grófum dráttum þrjá hluta og er tíminn sem áætlaður er í hvern þeirra aðeins til viðmiðunar, en miðað er við 5 hópa og að í hverjum hópi séu 4 - 5 nemendur. Ef hóparnir verða fleiri má búast við lengri tíma.

1. **Spjall við nemendur og myndband, 5 -10 mínútur**
2. **Verkefni, 35 – 40 mínútur**
3. **Kynningar og umræður, 15 – 20 mínútur**

## Undirbúningur og hjálpargögn

- Tölva með hátalara, skjávarpi og nettenging.
- Tússpenni, skæri, límstifti og reiknivél fyrir hvern hóp.
- A3 eða A2 pappírsörk á hvern hóp, jafnvel í lit til að gera þetta skemmtilegt.
- Verkefnablað fyrir hvern hóp, gott er að sem flestir í hópnum fái eintak.
- Fylgiskjal með óvæntum upptákum sem leiðbeinandi klippir út í minni miða.

Verkefnablað og fylgiskjal með óvæntum upptákum eru á [Fjármálavits/námsefni](#).

## Framkvæmd

Í byrjun opnar leiðbeinandi [forsíðu Fjármálavits](#) og skiptir nemendum í hópa. Hver hópur fær strax A3 eða A2 örk, límstifti, skæri, reiknivél og góðan tússpenna. Verkefnablað fá hóparnir síðar þegar kemur að sjálfu verkefninu. Leiðbeinandi segir nemendum hvað fram undan er í kennslustundinni og að viðfangsefni hennar sé að setja sér markmið og skipuleggja fjármálin út frá þeim.

### 1. Spjall, 5 – 10 mínútur

Dæmi um spjall og spurningar til nemenda:

- „Ef þið fengjuð allt í einu 10 milljónir upp í hendurnar núna, hvað mynduð þið gera?“

Fróðlegt er að heyra mismunandi viðbrögð nemenda við þessari spurningu. Sumir myndu eyða öllu strax, aðrir myndu skipta upphæðinni í sparnað og eyðslu og enn aðrir myndu setja allt í sparnað.

- „Flest setjum við okkur markmið í lífinu, hvort sem er í íþróttum, námi eða öðrum tómstundum og leggjum hart að okkur til að ná þeim. Það er ekki síður mikilvægt að setja sér markmið tengd framtíðaráformum og skipuleggja fjármálin út frá þeim.“

- „Eigið þið ykkur einhver markmið/drauma?“

Hér er tilvalið að fá hendur á loft og leyfa nemendum að segja frá hver markmið þeirra eru. Hægt er að benda þeim að sama hver markmið þeirra eru, þá hafa þau flest á endanum eitthvað með ákvarðanir um fjármál að gera.

- „Er einhver sem ætlar að kaupa sér t.d. bíl þegar hann fær bílpróf? Hvað með heimsreisu eða nám? Hvað haldið þið að bíll eða heimsreisa kosti?“

Gott er að fá þau til að hugsa stutt um þetta þar sem þau koma til með að þurfa að skoða það í verkefninu síðar.

- „Eruð þið farin að hugsa um framtíðarsparnað? Eruð þið byrjuð að spara?“

- *Eruð þið að vinna með skóla? Skoðið þið launaseðilinn? Skiljið þið allt sem á honum stendur? Hvað gerið þið við launin ykkar?*

Þau eru mörg hver að vinna með skóla og því ágætt að spyrja hvað þau geri við launin sín og hvetja þau til að skoða launaseðilinn með foreldrum eða forráðamönnum.

- *„Hvað haldið þið að þið séuð að eyða miklu í skyndibita/mat og annað á viku? Vitið þið t.d. hvað 2000 kr. eyðsla á viku er á ári? En 5000 kr. á viku?“*

Hér koma oft fram ýmsar vangaveltur um hvað þau eyða og getur verið gott að setja það í samhengi við sparnað.

2000 kr. á viku verða 104.000 kr. eftir 1 ár og 1.040.000 kr. eftir 10 ár.

500 kr. á dag verða 182.000kr. eftir 1 ár og 1.820.000 kr. eftir 10 ár.

5000 kr. á viku verða 260.000 kr. eftir 1 ár og 2.600.000 kr. eftir 10 ár.

Þá eru ótaldir vextir.

- *„Hvort er skynsamlegra að eiga fyrir hlutunum eða taka lán fyrir þeim?“*

Hér getur verið fínt að taka dæmi og sýna þeim muninn á því að taka lán eða spara fyrir einhverju sem þau langar í. Hér snýst þetta um að þau átti sig á kostnaði og öðrum gjöldum sem fylgja lántöku.

## 2. Verkefni, 35 - 40 mínútur

Nemendur vinna saman í 4 - 5 manna hópum. Tímarammi þessa handrits miðast við 5 hópa. Ef þeir eru fleiri þá þarf að gefa kynningum hópanna lengri tíma, eða halda fjölda hópa og hafa aðeins fleiri í hverjum hópi.

Verkefnið gengur út á að hver hópur útbýr fjárhagsáætlun fyrir ímyndaðan einstakling sem er að stíga sín fyrstu skref sem sjálfstæður neytandi í íslensku samfélagi. Hver hópur fær verkefnablað með lýsingu á sínum einstaklingi. Þar eru upplýsingar um laun,

fastan kostnað í hverjum mánuði, áhugamál og markmið og er ágætt að láta alla í hópnum hafa eintak til að virkja alla í hópnum.

Áður en leiðbeinandi dreifir verkefnablöðum til hópanna segir hann í stuttu máli frá hvernig verkefnið gengur fyrir sig. Hann leggur áherslu á að einstaklingurinn sem hver hópur fær eigi sér markmið og að hlutverk hópsins sé að finna leiðir til að hjálpa einstaklingnum að ná því markmiði. Hverjum hópi er úthlutað markmið. Hópurinn þarf að finna út hvenær og hvernig einstaklingurinn getur náð markmiðinu og styðst þá við spurningar á verkefnablaðinu.

Það er um að gera að hvetja hópana til að fara út fyrir rammann og gera hvað sem þeir vilja með sinn einstakling. Þeir mega ákveða hvað sem er fyrir hans hönd svo framarlega sem það er raunhæft. Einnig er gott að hvetja þá til að nýta sér upplýsingar á netinu til að fá verðhugmyndir.

Hóparnir þurfa að vita í upphafi að fljótlega eftir að þeir eru byrjaðir á verkefninu fá þeir óvænta uppákomu sem mun hafa áhrif á fjárhagsáætlun þeirra. Einnig er gott að undirbúa hópana undir það að þurfa að kynna niðurstöður sínar fyrir hinum.

Leiðbeinandi getur valið um að láta alla hópana hafa mismunandi persónur eða nota tvær eða bara eina til að fleiri hópar séu með sömu persónuna og geti borið saman mismunandi niðurstöður um hana. Leiðbeinandi dreifir einu markmiði á hvern hóp eða leifir þeim að draga markmið.

Hver hópur er með eina A3 eða A2 pappírsörk fyrir fjárhagsáætlunina, klippir út mynd af einstaklingnum ásamt upplýsingum og límir á örkina (sjá sýnishorn hér aftar).

Mikilvægt er að nemendur hafi aðgang að neti, hvort sem það er í gegnum síma, spjaldtölvu eða tölvu, til að leita sér heimilda. Einnig er hægt að finna á [vef velferðarráðuneytisins](#) upplýsingar um neysluviðmið.

Ef nemendur eru í vafa um hvernig þeir eiga að gera fjárhagsáætlun getur verið ágætt að benda þeim á að fyrst eigi að taka saman tekjur einstaklingsins og draga frá fastan kostnað. Síðan þurfi að gera ráð fyrir kostnaði við matarinnkaup og aðrar nauðsynjar.

Eftir stendur afgangur sem nemendur láta einstaklinginn ráðstafa í áhugamál, sparnað og annað tilfallandi.

Hóparnir þurfa að ákveða og meta sjálfir hvað það kostar að lifa.

Fljótlega eftir að verkefnavinnan er hafin dreifir leiðbeinandi einum miða á hóp með óvæntri fjárhagslegri uppákomu (óvæntar uppákomur eru aftast í heftinu). Gaman er að leyfa þeim að draga miða.

Það er mjög gott að ganga á milli hópanna og hjálpa þeim af stað með hugmyndir um hvernig hægt er að lifa spart. Leiðbeinandi þarf að vera vakandi yfir tímanum og hvetja nemendur áfram svo þeir lendi ekki í tímaþröng. Fínt er að láta hópana vita þegar um 10 mínútur eru eftir af verkefnavinnunni.

Fróðlegt getur verið að heyra mismunandi útgáfur af því hvað hóparnir láta einstaklinginn eyða miklu í mat og nauðsynjar. Einnig hvernig þeir bregðast við hinu óvænta á miðanum.

Lokaútkoman á að vera snyrtileg A3 eða A2 pappírsörk hjá hverjum hópi með mynd af einstaklingnum og fjárhagsáætlun hans.

Á vefsíðu Fjármálavits, [fjarmalavit/namsefni](https://fjarmalavit.com/namsefni) eru glærur með dæmum um fjárhagsáætlun og er ágætt að hafa það uppi á skjánum fyrir nemendur á meðan á verkefnavinnunni stendur.

Það eru engar tvær fjárhagsáætlanir eins og engin ein rétt lausn.

### 3. Kynningar og umræður

Hver og einn hópur kynnir niðurstöðu sína. Það hefur gefist vel að leyfa þeim að standa upp og kynna fyrir framan hina.

Ef tími gefst getur leiðbeinandi lokað kennslustundinni með því að sýna nemendum myndband að eigin vali og hvatt nemendur til að horfa á fleiri myndbönd á vefsíðu Fjármálavits.

